

Reglugjörð

fyrir Ísafjarðarsýslu um eyðing refa og fleira.

Amtsráðið í vesturamtinu

Gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á 3. gr. í fyrnefndum lögum, 22. marz 1890, er hjer með staðfest og löggilt eptirfylgjandi

Reglugjörð

fyrir Ísafjarðarsýslu um eyðing refa og fleira, sem samin er af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. september 1895.

1. gr.

Hreppsnefnd skal annast alla eyðing refa.

2. gr.

Mesta áherzlu skal leggja á, að eyða refum með eitri. Hreppsnefnd skipar fyrir um eitrunina á vetrum, eptir því sem þurfa þykir. Hún skipar á hverju ári eitrunarmenn svo marga, sem þörf er á, og hafa þeir einir á hendi útburð á eitrunu og umsjón með því. Hreppsnefnd útvegar eitur og útbýtir því, en eitrunarmenn útvega agn. Eitrið skal vera »strychnin«, en agn skal helzt vera fuglar, egg eða lömb.

3. gr.

Áður en 3 vikur eru af sumri, skal hreppsnefnd hafa fyrirskipað grenjaleitir og auglýst, nær þær skuli fram fara. Hver bóndi skal kosta grenjaleitir bæði í heimalandi og upprekstrarlandi sínu, en almenninga og eyðiland, sem enginn eignar sjer, skal leita á kostnað sveitarsjóds. Vanræki nokkur leit, lætur hreppsnefnd leita á hans kostnað, enda skal hún útvega mann, sem gegn hæfilegu endurgjaldi hafi umsjón með, að grenjaleitirnar sjeu vandlega af hendi leystar.

4. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að láta vinna refi á grenjum, hvort heldur með eitrun eða skotum, og skal því á hverjum vetri hafa ráðið til þess eitrunarmenn eða skotmenn og vökumenn og tilkynna hreppsþúum fyrir sumarmál, hverjir þeir sjeu.

Þegar gren finnast, skal finnandi þegar gjöra næsta búanda advart um það, en búandinn tafarlaust skotmanni eða eitrunarmanni.

5. gr.

Eitrunarmenn og sá, er gjörir advart um gren, skulu fá sanngjarna borgun eptir reikningi, sem hreppsnefndin úrskurðar.

Skotmaður, sem vinnur gren, fær fyrir fyrri tóuna 4 kr., en 6 kr. fyrir hina síðari, og 50 aura fyrir hvern yrðling. Skotmaður og vökumaður fá 2 kr. 50 a. hvor fyrir hvern sólarhring, er þeir liggja á greni.

6. gr.

Hver sem eyðir refum á annan hátt en hjer hefir verið tiltekið, skal fyrir 3 fyrstu tóurnar, er hann vinnur, fá 2 kr. fyrir hverja, og skal það upp frá

77 því fara hækkandi um 50 auru fyrir hverja tóu, þó svo, að það ekki fari fram úr 4 kr. fyrir tóuna.

7. gr.

Hver sem refum eyðir, hvort heldur eru skotmenn á greni eða aðrir, skulu sýna áreiðanlegum búanda þeim, er næst býr, dýr þau, er þeir hafa unnið, og fá vottorð hans um það, ella glata þeir rjetti sínum til nokkurs endurgjalds.

8. gr.

Enginn má ala upp refi.

9. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 1—200 króna.

10. gr.

Með brot gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Amtsráð vesturamtsins, Reykjavík, 3. dag júlímán. 1895.

J. Havsteen.

Embættaskipan og lausn frá embætti.

24. júlí var adjunkt við lærða skólann, *Dr. phil. Björn Magnússon Ólsen*, af hans há-tign konunginum skipaður *rektor* við tjeðan skóla frá 1. október 1895 að telja.

s. d. var yfirkennara við lærða skólann *Halldóri Kr. Friðrikssyni* samkvæmt beiðni hans veitt lausn í náð frá tjeðu embætti frá 1. okt. 1895 að telja, með eptirlaunum eptir eptirlaunalögunum.

Óveitt embætti,

er ráðgjafinn fyrir Ísland hlutast til um veitingu á.

1. *Landlæknisembættið á Íslandi og forstöðumannsembættið við læknaskólann í Reykjavík*, árslaun 4000 krónur.

Auglýst 24. júlí 1895.

Umsóknarbrjefin eiga að vera komin til ráðgjafans 26. okt. 1895.

2. *Yfirkennaraembættið við hinn lærða skóla í Reykjavík*, árslaun 3200 krónur.

Auglýst 24. júlí 1895.

Umsóknarbrjefin eiga að vera komin til ráðgjafans 26. okt. 1895.

3. *Adjunktsembætti við hinn lærða skóla í Reykjavík*, árslaun 2000 krónur.

Auglýst 1. ágúst 1895.

Umsóknarbrjefin eiga að vera komin til ráðgjafans 26. okt. 1895.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þessi, verða þeir, samkv. konungsbrjefi 8. apríl 1844 og konungsráðgjafnum 27. maí 1857 og 8. febr. 1863, að láta umsóknarbrjefum sínum fylgja fullnægjandi skilríki fyrir því, að þeir kunni íslenska tungu.